

Hér situr unglingsgrei

Bókmenntir

Jóhann Hjálmarsson

Tímarit Máls og menningar.

3. hefti, 43. árg.
Ritstjórn: Þorleifur Hauksson
og Silja Adalsteinsdóttir.

Útgefandi: Bókmenntafélagið
Mál og menning

Tímarit Máls og menningar er að verulegu leyti helgað unglingsgrei um að þessu sinni.

Ég + unglingsheimilið nefnist löng frásögn eftir Védísi 17 ára. Védís lýsir því hvernig hún leiddist út í óreglu, brennivín og hass, glataði sambandinu við foreldrana og hafnaði á unglingsheimili í Kópavogi. Í lok frásagnarinnar hefur henni tekist að yfirstíga erfiðleika æskunnar og henni þykir unglingsheimilið hafa verið hluti af þroskaferli sínum: „Fyrir mér



núna er unglingsheimilið eitthvað, sem er búid og gert, hlutur sem ég lærði mikið af um lífið, reglur, innilokun, frelsissviptingu, og sérstaklega kynntist ég mann- eskjunni og einstaklingnum mér.“

Frásögn Védísi er ágætlega orðud og inn á milli er skotið við-feldnum ljóðum eftir hana sjálfa. En það er eins og skýring á því hvers vegna henni var svo nauðsynlegt að drekka of mikið og reykja of mikið hass, sé ekki fyrir hendi. Gerði hún þetta allt saman af hreinni lífsgleði? Ad vísu er drepni á ósamlyndi hennar og foreldrana, en aðeins lauslega. Ad unglingsfarlægist foreldra sína og foreldrarnir þá, er ekki nema hluti af lífslögmálinu. Slíkt þarf varla að hafa í för með sér, að

unglingurinn kappkosti að tor-tíma sjálfum sér.

Mjög skemmtileg ljóðasýnis-horn eru birt eftir krakka í 8. og 9. bekk Hlíðaskóla, en ljóðin ortu þau eftir tveggja vikna kynningu á ljóðum samtímaskálda. Ingveldur Yr yrkir: „Hér situr unglingsgrei/ sem remmist við að vera frumlegt skáld./ Stundum fer þetta unglingsgrei/ niðrá plan, partí, seint heim.“ Pétur lýsir kunnandi viðhorfi unglinga til skóla: „Ég sit við gult borð í bláum stól í stofu 21./ Eg sit í rauðum stól við ljótt borð í ensku./ Edda Edda gedda segir/ „do you think I'm sexy“/ í Hlíðaskóla er leiðinlegt.“


Sögurnar Þrjú andlit á glugga eftir Önnu Þorbjörgu Ingólfssdóttur og Nafnlaus æskuminning eftir Kristínu Jónsdóttur tengjast heimi unglingsgrei, einkum er saga Önnu Þorbjargar næm lýsing á hugarheimi stúlku, sem er að breytast í konu. Skorinorð ljóð Lindu Vilhjálmssdóttur, hafa líka sitt að segja um unglingsgrei, konu og samfélagið.

Guðjón Sveinsson er meðal þeirra barna- og unglingsbókahöfundar, sem vakið hafa eftirtekt. Í Tímariti Máls og menningar, er birt verðlaunagasaga eftir hann sem kom fyrst í norsku smásagnasafni. Sagan lýsir unglingsgrei í sveit, sem ætlar að verða skáld og er neyddur til að kynna óhrjálegum heimi vinnunnar, sendur í beitningu með ruddalegum körlum. Þetta er gamalkunnugt efni og er ekki tekið nýjum tókum að mínu mati, en er engu að síður hugnæmur lestur. Guðjón Sveinsson er greinilega enginn byrjandi, samt hættir honum til að láta eigin skoðanir bitna á framvindu sögunnar. Best er að frásögnin sjálf spegli meininguna, boðskapinn.

Ljúflingar og fleira fólk, nefnist ritgerð eftir Guðrínu Bjartmarsdóttur, undirtitill Um formgerð, hugmyndafræði og hlutverk íslenskra huldufólksanna. Þetta er óneitanlega fróðlegur lestur, ekki síst bollaleggingar Guðrúnar um kynferðisleg efni sem áleitinn eru í huldufólksögum.

Fræðimennska af öðru tagi er upprifjun Sveins Skorra Höskuldssonar um Moskvuför Davíðs Stefánssonar og fleiri. Ljóst er, að Davíð hafði nokkra samúð með byltingunni, þótt hann snerist öndverður gegn henni síðar.

Jóhann Hjálmarsson



Sýning í tilefni af ári aldreaðra

Myndlist

Valtýr Pétursson

Á Kjarvalsstöðum stendur nú yfir sýning í tilefni af ári aldreaðra, og kennir þar margra grasa. Þarna eru málverk, tréskurður, skúlpúr, vefnaður og ýmislegt unnið í járn og tré og ull. Allt eru þetta merkilegir hlutir, sem settir hafa verið upp á Kjarvalsstöðum, en satt að segja er ekki gott að þreifa sig áfram eftir fyrirfram gerðri áætlun, er þessi sýning er skoðuð. Það er að segja, erfitt er að henda reiður á samsetning þess- arar sýningar, og það er eins og vantí kjölfestu í heild sýningarinnar.

Persneskt skáld sagði í eina tíð, í lauslegri þýðingu: Þeir sem maður elskar hafa engan aldur. Sama gildir um alla góða list. Sama gilt: það sem gildir eru gæði listar, en ekki aldur. Það er því ekki hægt að greina list í list aldreaðra og list þeirra yngri, enda held ég, að það sé ekki æt- uninn með þessari sýningu. Hjálmar í Bólu er ungur að á- um er hann gerir hinn merkilega kistil, sem er á þessari sýningu, og yfirleitt munu þau listaverk, sem þarna eru sýnd, vera gerð á öllum aldri. Sú leið hefur verið valin að sýna það, sem að mínum dómi er ranglega kallað alþýdu- list. „Primitív“ eða „Naív“ list er allt annað en alþýdulist, þótt

hún sé yfirleitt unnin af ómennt- uðu fólk í listum. Örfáir eru þess umkomnir að skapa list í þeim dúr, og því er það langt frá því að vera réttnefni sem notað er. Þarna vantar okkur orð yfir fyrirbæri, sem er algengt með öllum þjóðum og hefur verið mjög áberandi á þessari öld. All- ir muna hina gömlu Grandmoth- er Moses vestur í Ameríku. Þessa listamenn má finna um víða veröld, en hvergi munu þeir hafa verið nefndir alþýdulista- menn nema hér.

Ég fæ ekki betur séð, en þessi sýning á Kjarvalsstöðum sé nokkuð ofhlaðin, ef svo mætti til orða taka. Þarna eru merkilegar myndir eftir málara eins og Jón Hróbjartsson og altaristafla Samúels Jónssonar úr Selárdal, myndir Kristins Ástgeirssonar, sem ég man ekki eftir að hafa séð fyrr. Mjög ágætar. Ísleifur Konráðsson á þarna flestar myndir á veggjum og er hann sjálfum sér líkur að vanda. Það er vafasamt, hvort hann þoli svo margar myndir á sama vegg, því að sannast sagna syngja þær furðulega oft sama lagið. Sólvi Helgason á þarna nokkrar teik- ningar, sem mest eru mynstur- gerðir um sjálfmyndir hans. Gríma, Eggert Magnússon og Stefán Jónsson frá Möðrudal eiga öll persónuleg verk, sem ekki gætu verið settuð frá öðrum en höfundum þeirra. Jón heitinn í Möðrudal á þarna frummynd

af altaristöflu, sem er að mínum dómi eitt mesta listaverk á þess- ari sýningu. Annað verk verður að nefna hér í þessum línám: Það eru tréskurðarmyndir Sæ- mundar Valdimarssonar sem eru í sérflokki. Vefnaður Óskars Magnússonar er einnig persónu- legur, og sama má segja um teppi konu hans Blómeyjar Stef- ánsdóttur. Einnig eru þarna myndir eftir Halldór Jónsson frá Akureyri og auðvitað málverk eftir Gísla Jónsson. Altaristafla eftir Ámunda smíð úr Þjóð- minjasafni er þarna ásamt guðspjallamönnum eftir Ópekk- tan höfund.

Eins og sjá má af ofangreindu, er hér mikið um að vera, og ætti fólk að finna ýmislegt við sitt hæfi. Það er skemmtilegt að kynna þessum verkum, en eins og áður er vikið að, er þröngt á þingi og ekki auðvelt að gera sér grein fyrir hverjir séu aðal- drættir þessa samsafns. Dæmið gengur enn verr upp þegar Sig- urjón Ólafsson og Asmundur Sveinsson ganga á sviðið.

Að mínu viti hefði átt að fara betur með þessa hluti og ekki sýna það magn, sem raun ber vitni. En fólk ætti að skoða sý- inguna vel og vandlega, því að þar má finna verulega góð verk. Því er þessi sýning þörf og fróð- leg og gefur hugmynd um list- ræn vinnubrögð, sem eru til sóma þeim, er hlut eiga að máli.

Valtýr Pétursson

Poppaður Þrumuvagn

Hljóm- plötur

Finnbogi Marinósson

Van Halen
Diver Down

Warner Bros. Record K 57003

Í gegnum árin hafa komið fram ótal rokkhljómsveitir. Sumum þeirra hefur tekist að skapa sér nafn á meðan aðrar tynast í fjöldanum. Ein af þeim fyrrnefndu er Van Halen og er hún án efa ein merkilegasta rokkhljómsveit seinni ára. Tón- list Van Halen hefur haft geysi- leg áhrif á þungarokkið og mun- ar þar mest um gitarleikarann Edward Van Halen. Hann og hinn sérstæði gitarstíll hans hafa mótað mjög gitarleik seinni ára. Eins og fyrr segir er tónlist- in þungt og kraftmikið rokk sem

stundum hefur verið í meira lagi brjálaðislegt. Fyrir skömmu sendi Van Halen frá sér nýja plötu og á henni sýnir hljóms- sveitin á sér nýja áður óþekktu hlið. „Diver Down“ kalla piltarn- ir plötuna og á henni er að finna 11 lög. Athygli vekur að einungis fimm þessara laga eru eftir þá félagar.

Það fyrsta sem gerir plötuna merkilega er hversu mörög gömul lög hljómsveitinn tekur upp og út- setur. Á hlið eitt er að finna tvö gömul lög. Kinksrokkarinn „Where Have All the Good Times Gone“ er það fyrsta og fær það vægast sagt frábæra meðhöndl- un. Kröftugur rokkari sem fær næstum lamaðan til að dansa. Hitt gamla lagið er „(Oh) Pretty Woman“ og kemur það mjög skemmtilega út. Hinsvegar stingur það nokkuð hvað lagið er í létrri útsetningu. Samkvæmt

venjunni hefði lagið átt að vera í grimmri rokkútfærslu en svo er ekki. Og þá er komið að merki- legasta punkti plötunnar. Platan er þræl poppuð. Það er ekki bara „(Oh) Pretty Woman“ sem er poppað. Nei, lög eins og „Secrets“, „Dancing in the Street“, „Little Guitars“ og „Full Bug“ eru allt fyrsta flokks rokk- uð popplög. En það er fleira en þessi popplög sem eru áhugaverð á plötunni. Þriðja lagið á hlið 1 heitir „Cathedral“ og eina hljóð- færni í „laginu“ er gítar og er hann spilaður í gegnum eitt af þeim tækjum sem Eddy Van Halen hefur fundið upp og hann- að. Vel gert og allt það en verður leiðigjarn og ætti betur heima á hljótleikum en stúdíóplötu.

EKKI vissi ég hvaðan á mig stóð vedrið þegar ég spilaði „Big Bad Bill (Is Sweet William Now)“. Lagið og útsetning er allt öðruvísi en allt það sem komið



hefur frá Van Halen. Í laginu fá þeir til liðs við sig þriðja Van Halen-bróðurinn og spilar hann á klarinett. Ef líkja á laginu við eitthvað til að gefa einhverja mynd af því þá er best að segja það vera nákvæmlega eins og eitt af þeim lögum sem Hljóm- sveit Ingimars Eydal spilaði af

svo mikilli snilld hér á árum áð- ur. Ötrúlegt en satt. Ad síðustu kóróna piltarnir léttleika plöt- unnar með samsöng í síðasta lagi, „Happy Trails“.

Það er ekki gott að segja hvað þeir piltar eru að hugsa þegar þeir hljóðrita hluti eins og eru á „Diver Down“. Allir fara þeir á kostum. Engu skiptir hvort það er í lagi eins og „Where Have All the Good Times Gone“ eða „Big Bad Bill“, alltaf eru þeir frábær- ir. Ekki ber eins mikið á gitar- leik Eddys eins og á gömlu plöt- unum en þar sem hann er, sýnir stráksi það að hann er án efa einn besti gitarleikari rokksins ef ekki sá besti.

Van Halen hefur verið gagn- rýnd fyrir að vera að stíga skref afturábak með þessari plötu og er þá átt við öll gömlu lögin og hversu poppuð platan er í heild- ina. En þó svo að hljómsveit sé á einhverri ákveðinni tónlistarlínu þá þarf hún ekki að ríghalda í hana ef hún getur gert eitthvað fleira (og jafn frábærlaga) og til dæmis Van Halen gerir á „Diver Down“.